

32

11. júní

34. gr.

Ef félögin leggjast niður, skal eignum þeirra varið í þarfir hlutaðeigandi héraðs, eftir tillögum bæjarstjórnar eða sýslunefndar, enda komi samþykki atvinnumálaráðuneytisins til.

Þetta gildir þó ekki, er einstök félög leggjast niður vegna þess, að tvö eða fleiri félagssvæði sameinast. Ganga eignirnar þá til þess félags, er tekur við tryggingarstarfsemi á félagssvæðinu.

35. gr.

Vátryggingarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin gjöldum til bæjar- og sveitarsjóða, svo og undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs.

36. gr.

Lög, venjur og reglur Samábyrgðarinnar gilda um þau atriði, sem eigi eru ákvæði um í lögum þessum.

37. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 27 13. jan. 1938 og lög nr. 38 27. júní 1941.

38. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Meðan núverandi ófriður helzt, mega félögin stríðstryggja skip þau, er þau hafa í sjóvátryggingu. Áhættan skal skiptast milli félaganna og Samábyrgðarinnar eftir sömu hlutföllum og áhættan við sjóvátryggingarnar. Að öðru leyti skulu tryggingar þessar fara eftir þeim reglum, sem Samábyrgðin setur.
2. Bataábyrgðarfélag það, er nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga til ársloka 1944. Þó skal því skylt að tryggja skip og báta, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

33

11. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 66 31. des. 1937, um breyting á lögum nr. 1 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- a. Í stað „3000 lítra“ í 1. málsg. 3. gr. laganna komi: 2600 lítra.
- b. Í stað „ $\frac{1}{2}$ lítra“ í 2. málsg. sömu lagagr. komi: 1 lítra.

2. gr.

33

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

11. júní

Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

34

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

11. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1942, skal frestað, og skulu þær fara fram 12. júlí 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. júní 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jakob Möller.

L Ö G

35

um breyting á lögum nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyting á lögum 8. sept. 1941 um húsaleigu.

11. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. málsg. 1. gr. laganna komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Þegar sérstaklega stendur á, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) leyft aðfluttum opinberum starfsmanni, sem eignast hefur hús á starfssvæði sínu eftir gildistöku bráðabirgðalaga frá 8. sept. 1941, að segja upp leigusamningum um húsnaði í húsinu, sé honum þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig.

Uppsögn á húsnaði, sem heimil væri eftir 1. málsg., en fram hefur farið fyrir gildistöku þessara laga, getur húsaleigunefnd (fasteignamatsnefnd) metið gilda, enda hafi uppsögn miðast við 14. maí 1942.